

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, þriðjudaginn 3. júlí 2018, í máli nr. E-900/2017:

Björk Sigurðardóttir
(*Hilmar Magnússon lögmaður*)
gegn
Guðjóni Sigurðssyni
og
Hjördísi Vilhjálmisdóttur
(*Sigurður Sigurjónsson lögmaður*)

Mál þetta var höfðað með stefnu þingfestri 20. september 2017. Stefnandi er Björk Sigurðardóttir, kt. 000000-0000, Hlyngerði 3, Reykjavík. Stefndi er Guðjón Sigurðsson, kt. 000000-0000, og Hjördís Vilhjálmisdóttir, kt. 000000-0000, bæði til heimilis að Hákotsvör 2, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær að rift verði gjafagerningi er fólst í afsali þrotamannanna Sigurðar Guðjónssonar, kt. 000000-0000, og Hildar Eiríksdóttur, kt. 000000-00009, á Háaleitisbraut 103, Reykjavík, íbúð 04-0201, fastanr. 201-5086, til stefndu, Guðjóns Sigurðssonar og Hördísar Vilhjálmisdóttur, skv. afsalssamningi, dagsettum 25. apríl 2014, mótteknum til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík sama dag og innfærðum þann 28. apríl 2014.

Til vara gerir stefnandi þá kröfu að rift verði greiðslu á skuld ofangreindra þrotamanna til stefndu, Guðjóns Sigurðssonar og Hjördísar Vilhjálmisdóttur, er fram hafi farið með óvenjulegum greiðslueyri með því að söluandvirði ofangreindrar fasteignar þrotamanna að Háaleitisbraut 103, Reykjavík, hafi runnið óskipt til stefndu þann 29. apríl 2014.

Til þrautavara gerir stefnandi þá kröfu að rift verði veðrétti er stefndu fengu í fasteign þrotamanna að Háaleitisbraut 103, Reykjavík, íbúð 04-201, fastanr. 201-5086, skv. tryggingarbréfi áhvílandi á 2. veðrétti eignarinnar að fjárhæð 5.000.000 króna, útgefnu af þrotamönnum til handhafa þann 11. febrúar 2013, mótteknu til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík þann 12. febrúar 2013 og innfærðu þann 14. febrúar 2013.

Til þrautþrautavara er krafist riftunar á afsali þrotamanna Sigurðar Guðjónssonar, kt. 000000-0000, og Hildar Eiríksdóttur, kt. 000000-0000, á Háaleitisbraut 103, Reykjavík, íbúð 04-201, fastanr. 201-5089, til stefndu, Guðjóns Sigurðssonar og Hjördísar Vilhjálmisdóttur, skv. afsalssamningi, dagsettum 25. apríl 2014, þar sem ráðstöfunin hafi á ótilhlýðilegan hátt verið

stefndu til hagsbóta.

Þá er þess krafist í öllum tilvikum að stefndu verði dæmd til að greiða óskipt þrotabúi Sigurðar Guðjónssonar 2.913.202 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. apríl 2014 til greiðsludags og þrotabúi Hildar Eiríksdóttur 2.913.202 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. apríl 2014 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts.

Stefndu krefjast þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefjast stefndu sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Þá krefjast stefndu málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Málflutningur um frávísunarkröfu stefndu fór fram þann 9. janúar sl. og var málinu vísað frá dómi með úrskurði þann 26. janúar 2018. Með úrskurði Landsréttar í máli númer 168/2018 var þrautavarakröfu stefnanda vísað frá héraðsdómi en að öðru leyti var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar. Fór aðalmeðferð fram þann 31. maí sl. og var málið dómtekið að henni lokinni.

Málsatvik.

Stefnandi höfðaði mál þetta í eigin nafni samkvæmt heimild í 1. mgr. 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. á hendur stefndu til riftunar annars vegar á afsali Hildar Eiríksdóttur og Sigurðar Guðjónssonar dagsettu 25. apríl 2014 á 5 herbergja íbúð við Háaleitisbraut 103, fastanúmer 201-5086, í Reykjavík og hins vegar til greiðslu skaðabóta.

Óumdeilt er að Hildur Eiríksdóttir og Sigurður Guðjónsson, foreldrar stefnanda, voru dæmd, með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 308/2012, til að greiða stefnanda þessa máls samtals 1.250.000 krónur í málskostnað. Hafa Hildur og Sigurður ekki greitt þá fjárkröfu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stefnanda til að innheimta þá fjárhæð.

Samkvæmt gögnum málsins sendi stefnandi aðfararbeiðni til sýslumannsins í Reykjavík, sem móttokin var 8. janúar 2013, á hendur báðum stefndu. Var höfuðstóll skuldarinnar 1.250.000 krónur auk vaxta og kostnaðar, samtals 1.492.436 krónur, sem var dæmdur málskostnaður í máli Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1191/2011 sem staðfestur var í Hæstarétti Íslands í máli réttarins nr. 308/2012.

Með bréfi til stefndu í máli þessu þann 23. janúar 2013 voru stefndu boðuð til fjárnámsgerðar þann 14. febrúar 2013. Við fyrirtöku þann sama dag mætti lögmaður stefndu í máli þessu. Var kröfu stefnanda mótmælt við fjárnámsgerðina en fjárnáminu lauk með því að fjárnám var gert í íbúð

Sigurðar og Hildar að Háaleitisbraut 103 í Reykjavík. Þá var einnig tekinn fjárnámi hluti stefndu í hesthúsi þeirra við A-tröð 6 í Víðidal þar sem eign stefndu í Háaleitisbraut 103 var ekki talin nægja til að tryggja kröfu stefnanda.

Þann 11. febrúar 2013 var afsal fyrir eignarhluta stefndu í hesthúsinu að A-tröð í Víðidal undirritað og mótttekið til þinglýsingar þann 12. febrúar 2013. Liggur niðurstaða Hæstaréttar Íslands fyrir í máli nr. 445/2016 um lögmæti þeirrar sölu.

Þá var þann sama dag undirritað tryggingarbréf til handhafa að fjárhæð 5.000.000 króna tryggt með veði á 2. veðrétti að Háaleitisbraut 103 til tryggingar öllum skuldum og fjárskuldbindingum Sigurðar og Hildar. Var tryggingarbréfið mótttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík þann 12. febrúar 2013 og innfært í þinglýsingabækur þann 14. febrúar 2013.

Þar sem búið var að móttaka afsal fyrir hesthúsinu hjá sýslumanni þann 12. febrúar 2013 stóð það í vegi fyrir því að fjárnámi yrði þinglýst á hesthúsið eftir þann dag en fjárnám hafði verið gert í hesthúsinu 14. febrúar 2013. Af þeim sökum fór stefnandi fram á endurupptöku fjárnáms þann 14. febrúar 2013 sem var móttekin hjá sýslumanni daginn eftir. Voru gerðarþolar boðaðir aftur í fjárnám þann 1. mars 2013 samkvæmt gögnum málsins. Var þeirri fyrirtöku frestað til 13. mars 2013 vegna veikinda fulltrúa sýslumanns. Fór fjárnám fram að nýju hjá Sigurði Guðjónssyni þann 5. apríl 2013 en var frestað við fyrirtöku til 15. apríl s.á. Þann dag var aðfararbeiðnin aftur tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík. Mótmælti gerðarþoli því að fjárnámið næði fram að ganga þar sem hann væri með kröfu á hendur gerðarbeiðanda til skuldajafnaðar. Tók sýslumaður þá kröfu til greina og var gerðinni þar með lokið. Var sú niðurstaða sýslumanns kærð til héraðsdóms. Í gögnum málsins liggur fyrir endurrit úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík þar sem tekið er fram að með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. Y-10/2013 þann 19. febrúar 2014 hafi ákvörðun fulltrúa sýslumanns um að stöðva aðfarargerðina verið felld úr gildi og lagt fyrir sýslumann að halda gerðinni áfram. Sá úrskurður hafi verið staðfestur með dómi Hæstaréttar í máli nr. 174/2014, uppkveðnum 2. apríl 2014. Í framhaldi boðaði sýslumaður aðila aftur til fjárnáms. Í bókun sýslumanns segir að fulltrúi sýslumanns hafi boðað til endurupptöku gerðarinnar á ný þann 25. apríl 2014 með tölvupósti þann 22. apríl eins og hafi verið gert við fyrri fyrirtökur málsins. Ný boðun hafi verið send lögmönnum aðila með tölvupósti síðar þann sama dag þar sem gerðin skyldi fara fram þann 29. apríl. kl. 10.00 þar sem lögmaður gerðarbeiðanda hafi verið staddur erlendis þann 25. apríl. Við gerðina þann 29. apríl hafi ekki verið mætt af hálfu gerðarþola og ákvörðun hafi verið tekin um að boða

gerðarþola með stefnuvottum þar sem lögmaður gerðarþola hafi ekki staðfest móttöku tölvupóstsins frá fulltrúa sýslumanns. Gerðarþoli hafi ekki mætt þrátt fyrir lögmeta boðun og hafi gerðinni lokið með árangurslausu fjárnámi. Lauk gerðinni þannig gagnvart seljendum báðum að Háaleitisbraut 103.

Þann 11. febrúar 2014 gerði stefnandi Guðjón Sigurðsson, sonur Sigurðar og Hildar, kauptilboð í fasteign þeirra að Háaleitisbraut 103 í gegnum fasteignasöluna Kjöreign ehf. Var kaupverðið 36.500.000 krónur og átti að greiðast með yfirtöku áhvílandi lána, uppreiknuð 30.476.621 króna, og með greiðslu peninga að upphæð 6.023.379 krónur. Var afhending samkomulag. Í kauptilboðinu var gerður fyrirvari um fjármögnun og lánshæfi kaupanda og átti hann að leggja fram fullgilt greiðslumat eða staðfestingu á fjármögnun innan 20 virkra daga frá samþykki tilboðsins. Var tilboðið samþykkt af seljendum. Niðurstaða greiðslumats Íslandsbanka á greiðslugetu stefndu liggur fyrir í gögnum málsins, óundirritað af aðilum en með stimpli starfsmanns bankans. Segir að greiðslumatið gildi til 16. apríl 2015 en dagsetning greiðslumatsins er sögð vera 2. maí 2014. Þann 25. apríl 2014 lögðu stefndu 6.023.379 krónur inn á fjárvörslureikning Kjöreignar ehf., vegna kaupanna á Háaleitisbrautinni. Þann sama dag undirrituðu aðilar afsal fyrir eigninni og þann 29. apríl 2014 voru millifærðar 5.826.404 krónur af fjárvörslureikningi fasteignasölnunnar á reikning seljanda, Sigurðar Guðjónssonar. Var þá búið að draga frá kostnað vegna sölulauna o.fl. að fjárhæð 196.975 krónur.

Afsal fyrir eigninni var móttækið hjá sýslumanninum í Reykjavík til þinglýsingar þann 25. apríl 2014 og innfært 28. apríl s.á.

Krafa um gjaldþrotaskipti á hendur Sigurði Guðjónssyni og Hildi Eiríksdóttur var send Héraðsdómi Reykjavíkur þann 25. júní 2014 og voru þau úrskurðuð gjaldþrota þann 15. október 2014.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi gerir dómkröfur eins og greinir í stefnu. Segir í stefnu að skiptabeiðandi sé stefnandi málsins en skiptastjóri hafi veitt stefnanda á skiptafundi þann 20.01.2015, með stoð í 1. mgr. 130. gr. laga nr. 21/1991, heimild til að reka í eigin nafni og á eigin kostnað og áhættu mál til riftunar á afsalsgerningum þrotabúsins við stefndu, skv. 1. og 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991.

Byggt sé á því að með umræddum gerningi hafi stefndu fengið í hendur fasteign þrotamanna án nokkurs raunverulegs endurgjalds, til vara að stefndu hafi fengið greidda kröfu sína á hendur þrotamönnum með óvenjulegum greiðslueyri og fyrr en eðlilegt hafi verið og sem hafi skert greiðslugetu þrotamanna verulega, sbr. 134. gr. laga nr. 21/1991, og til þrautarvara að

stefndu hafi á grunni veðtryggingar sem þeir fengu í eign þrotamanna, en ekki um leið og til skuldarinnar var stofnað, fengið kröfu sína greidda að því marki sem söluandvirði hennar hafi hrokkið til, sbr. 2. mgr. 137. gr. laga nr. 21/1991.

Þá sé einnig byggt á því að með umræddum gerningi hafi eignir þrotamanna ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum skv. 141. gr. laga nr. 21/1991 og þannig verið stefndu til hagsbóta með ótilhlýðilegum hætti.

Um endurgreiðslukröfur á hendur stefndu er byggt á 1. og 2. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991.

Þá segir að með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1191/2011, sem staðfestur hafi verið með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 308/2012, hafi þrotamennirnir Sigurður Guðjónsson og Hildur Eiríksdóttir m.a. verið dæmd til að greiða stefnanda málsins málskostnað, samtals 1.250.000 krónur. Í því máli hafi verið tekist á um eignarhald á fasteigninni Neðri-Þverá í Húnaþingi vestra en með dómi Hæstaréttar hafi verið talið sannað að stefnandi hafi verið réttur eigandi eignarinnar frá upphafi og að kaupsamningur sá sem þrotamenn byggðu kröfu sína á hefði verið gerður til málamynda í þeim eina tilgangi að greiða fyrir að þrotamenn fengju greiddar út ógreiddar brunabætur vegna sumarhúss þeirra sem hafi brunnið árið 2002. Þá hafi leigusamningur um umrædda eign sömuleiðis verið gerður til málamynda í sama tilgangi svo og útgáfa þrotamanna á veðskuldabréfi sem gefið hafi verið út í tengslum við fasteignakaupin. Þá segir að eftir að dómur Hæstaréttar hafi fallið hafi þrotamenn ekki orðið við greiðslutilmælum vegna dæmds málskostnaðar og hafi stefnandi óskað eftir því að fjárnám yrði gert hjá þeim til tryggingar kröfunni með beiðni til sýslumannsins í Reykjavík, dags. 07.01.2013. Með bréfi sýslumannsins, dags. 23.01.2013, hafi þrotamenn verið boðaðir til fyrirtöku fjárnáms þann 14.02.2013, með birtingu fjárnámsboðunar þann 04.02.2013. Þann 14.02.2013 hafi lögmaður þrotamanna mætt hjá sýslumanninum í Reykjavík og hafi fjárnám verið tekið í fasteign gerðarþola að Háaleitisbraut 103, Reykjavík. Hafi gerðarbeiðandi talið að sú eign nægði ekki til að tryggja kröfuna þar sem handhafatryggingarbréfi að fjárhæð 5.000.000 króna hafði verið þinglýst á eignina aðeins tveim dögum áður, þ.e. þann 12.02.2013. Hafi síðar komið í ljós að umrætt tryggingarbréf var í eigu stefnda Guðjóns og eiginkonu hans, Hjördísar, sbr. afsal til þeirra frá þrotamönnum, dags. 25.04.2014. Hafi sýslumaður eftir virðingu eignarinnar talið að hún stæði ekki undir kröfu stefnanda og var að ábendingu gerðarbeiðanda því einnig gert fjárnám í veðbandalausum hesthúsi gerðarþola A-tröð 6 í Víðidal, Reykjavík, fnr. 205-3781, gegn mótmælum lögmanns gerðarþola. Hafi lögmaðurinn ekki upplýst þá um það að lagt hafði verið inn til

sýslumannsins tveim dögum áður, þ.e. 12.02.2013, afsal á umræddu hesthúsi þar sem gerðarþolar afsöluðu hesthúsinu til nokkurra barna sinna. Hafði þinglýsingardeild sýslumannsins gert athugasemd við afsalið þar sem samþykki meðeigenda skorti og höfnun forkaupsréttar þeirra. Var þeirri yfirlýsingu komið til sýslumanns þennan sama dag, þ.e. 14.02.2013, og afsalið við svo búið innfært án athugasemda þann dag svo og áðurgreint tryggingarbréf á Háaleitisbraut 103, Reykjavík. Er þetta hafi komið í ljós hafi stefnandi óskað eftir endurupptöku á fjárnáminu þann sama dag, þ.e. 14.02.2013, og hafi lögmaður gerðarþola verið boðaður til fyrirtöku með tölvupósti þann 19.02.2013. Hafi lögmaðurinn svarað póstinum með þeim orðum að hann gætti ekki lengur hagsmuna gerðarþola og voru þeir því boðaðir með venjubundnum hætti til fyrirtöku hjá sýslumanni þann 01.03.2013 og var sú boðun birt þrotamönnum 25.02.2013. Nokkru síðar hafi Sigurður Sigurjónsson hrl. haft samband og kvaðst nú gæta hagsmuna gerðarþola og hafi honum eftirleiðis verið sendar tilkynningar á póstfang hans um fyrirtökur í málinu, sem frestast höfðu vegna veikinda fulltrúa sýslumanns. Áður en varð af fjárnámsfyrirtöku skv. endurupptökubeiðni stefnanda virðist sem umrætt hesthús hafi verið selt af kaupendum, þ.e. stefndu, til Guðrúnar Oddsdóttur með kaupsamningi, dags. 13.03.2013, sem hafi svo verið afsalað til hennar með afsali, dags. 30.05.2013. Söluverðið sem gefið var upp á kaupsamningi sé sagt vera 15.000.000 króna sem hafi allt verið greitt með peningum, en engin veðbönd hvíldu á eigninni.

Þann 05.04.2013 hafi málið verið tekið fyrir hjá sýslumanni og gögn lögð fram og mætti þá lögmaður gerðarþola, Sigurður Sigurjónsson hrl., og stefndi Guðjón Sigurðsson og mótmæltu framgangi þess og lýstu yfir skuldajöfnuði gerðarþola við kröfu stefnanda á ódæmdum meintum kröfum sínum á hendur stefnanda. Hafi gerðinni verið frestað til 15.04.2013 og þann dag hafi sýslumaður orðið við kröfu gerðarþola og gerðin verið stöðvuð. Hafi stefnandi kært þá ákvörðun til dómstóla og með dómi Hæstaréttar Íslands nr. 174/2014 uppkveðnum þann 02.04.2014 hafi úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. Y-10/2013 verið staðfestur og úrskurður sýslumanns felldur úr gildi og fjárnámsgerðinni framhaldið. Fulltrúi sýslumannsins hafi þá boðað til fjárnámsgerðar þann 25.04.2014 með tölvupósti til lögmannna aðila þann 22.04.2014, líkt og áður hafði verið gert. Þar sem lögmaður stefnanda yrði í útlöndum á boðuðum fyrirtökudegi var endurupptaka fjárnámsgerðar ákveðin þann 29.04.2014 líkt og framlagður tölvupóstur beri með sér. Þann dag hafi hins vegar ekki verið mætt af hálfu gerðarþola og þar sem lögmaður þeirra hafði ekki svarað tölvupósti fulltrúans, heldur aðeins hringt á starfsstöð

sýslumannsins, í tilefni boðunarinnar með tölvupósti, hafi gerðarþolar verið boðaðir með stefnuvottum til fyrirtöku fjárnáms þann 06.05.2014, sem birt var þeim þann 29.04.2014. Þann 06.05.2014 hafi gerðarþolar ekki mætt til gerðarinnar eða lögmaður þeirra, en þá hafi komið í ljós að fasteign gerðarþola að Háaleitisbraut 103 í Reykjavík hafði verið afsalað til stefnda Guðjóns Sigurðssonar og eiginkonu hans, þann 25.04.2014, sem hafi verið eftir þann tíma sem lögmaður gerðarþola hafði móttengið tölvupóst um boðaða endurupptöku fjárnámsgerðar. Þá hafði lögmaður stefnanda haft samband við lögmann gerðarþola, Sigurð Sigurjónsson hrl., eftir að dómur Hæstaréttar féll í málinu nr. 174/2014, og tilkynnt honum um þá niðurstöðu að sýslumanni hefði verið falið að halda áfram fjárnámsaðgerðum. Kvaðst lögmaðurinn ætla að kynna umbjóðendum sínum niðurstöðuna og vera svo í sambandi, sem ekki hafi orðið af.

Þá hafi einnig komið í ljós að hestum í eigu gerðarþolans Hildar hafi verið afsalað til stefnda Guðjóns þann 18.02.2013. Virðist sem það hafi verið gert fjórum dögum eftir fyrstu fyrirtöku fjárnámsgerðar hjá sýslumanni, en þá hafi legið fyrir að gerðin yrði endurupptekin og gerðarþolum um það kunnugt, sbr. það sem er rakið að framan. Hafi fjárnámsaðgerðum gagnvart gerðarþolunum Sigurði og Hildi verið lokið sem árangurslausu þann 06.05.2014, þar sem engar eignir hafi fundist í búum þeirra. Krafðist stefnandi gjaldþrots á búi þrotamanna með beiðni, dags. 25.06.2014, og sé frest dagur 31.07.2014.

Stefnandi hafi höfðað mál á hendur stefndu með sömu kröfum og nú séu hafðar í frammi en með dómi Hæstaréttar Íslands nr. 445/2016, sem hafi verið kveðinn upp 9. mars 2017, hafi kröfum stefnanda á hendur stefndu verið vísað frá dómi þar sem talið var að skort hefði skilyrði til kröfusamlags og samlagsaðildar, en í því máli hafi fleiri aðilum verið stefnt og viðbótarkröfur gerðar. Mál þetta sé höfðað innan þess frests sem geti í 22. gr. laga nr. 150/2007.

Þá segir í stefnu að varðandi afsalsgerninginn um Háaleitisbraut 103 þá hafi stefndi Guðjón millifært 6.023.379 krónur þann 25.04.2014 til fasteignasalans Sigurbjörns Skarphéðinssonar, sem sé sami dagur og afsalið var gert og eignin afhent. Þann 29.04.2013 hafi nefndur Sigurbjörn greitt 5.826.404 krónur til þrotamannsins Sigurðar og hafði dregið frá kaupsamningsgreiðslunni þóknun sína fyrir skjalagerð, 196.975 krónur. Þann sama dag hafi þrotamaðurinn Sigurður tekið út í reiðufé 5.800.000 krónur en umræddir fjármunir hafa ekki fundist í búinu.

Þá segir að skiptabeiðandi hafi óskað opinberrar rannsóknar á þessum gjörningum með bréfi, dags. 21.05.2013, þar sem hann telji að með þeim hafi þrotamenn og stefndu gerst sek um skilasvik í skilningi hegningarlaga. Það sama gerði skiptastjóri og sæti það mál nú rannsókn lögreglu.

Stefnandi byggir kröfu sína um riftun aðallega á 1. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Þá byggir stefnandi einnig á 134. gr. og 137. gr. laganna svo og 141. gr. s.l., sbr. og 142. gr. s.l. vegna endurgreiðslukröfu sem höfð er uppi í málinu á hendur stefndu. Stefndu í málinu teljist nákomnir þrotamanni í skilningi gjaldþrotaréttar, einkum 2. tl. 3. gr. laganna, en stefndi Guðjón sé sonur þrotamanna og stefnda Hjördís eiginkona Guðjóns.

Varðandi riftun gjafagernings vegna afsals íbúðar að Háaleitisbraut 103, þá gildi sex mánaða fresturinn fyrir fresttag og á því ákvæði 1. mgr. 131. gr. s.l. við um það. Sami frestur eigi við varðandi þá dómkröfu að með afsalinu hafi stefndu fengið greidda kröfu sína á hendur þrotamönnum með óvenjulegum greiðslueyri, sbr. 1. mgr. 134. gr. s.l.

Krafa um riftun á þeim gjafagerningi sem fólst í afsali á fasteign þrotamanna til stefndu sé innan frests skv. riftunarákvæðinu en um hlutlægan mælikvarða sé að ræða á frestinum. Miðist fresturinn við þann dag er afsalið var afhent til þinglýsingar þann 25.04.2014 skv. 140. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 15. gr. laga nr. 39/1978.

Afsal á Háaleitisbraut hafi verið afhent sýslumanni 25.04.2014 eða rétt rúmum þremur mánuðum fyrir fresttag, sem sé innan þess frests sem kveðið sé á um í 1. mgr. 131. gr. og 1. mgr. 134. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Riftunarreglur 131. gr., 134. gr. og 137. gr. laga nr. 21/1991 séu hlutlægar riftunarreglur.

Stefnandi telur að þrotamenn hafi vísvitandi og með einbeittum ásetningi komið undan öllum sínum eignum í þeim tilgangi einum að stefnandi fengi ekki tekið fjárnám í þeim og þannig getað tryggt fjárkröfur sínar, en um óumdeildar og dæmdar málskostnaðarkröfur hafi verið að ræða.

Stefndu hafi verið beinir þátttakendur í þessum gjörningi, en þeir hafi verið fullmeðvitaðir um umræddar kröfur stefnanda og m.a. tjáð sig um þær á samfélagsmiðlum. Þá hafi stefndi Guðjón verið í samskiptum m.a. við lögmann stefnanda vegna krafanna og mætt m.a. við fjárnámsfyrirtökur hjá sýslumanni ásamt lögmanni þrotamanna, þegar þær hafi verið teknar fyrir. Stefndu hafi því sannanlega verið grandsamir í skilningi gjaldþrotaréttar.

Enn segir í stefnu að svo sem áður sé rakið þá hafi þrotamenn gripið til þess ráðs að ráðstafa hesthúsi og bifreið þrotamanna til stefndu, og lagt inn til þinglýsingar aðeins tveimur dögum áður en fjárnámsfyrirtaka skyldi fara fram. Þá hafi á sama degi verið þinglýst á fasteign þrotamanna að Háaleitisbraut 103,

Reykjavík, handhafatryggingarbréfi þannig að umrædd fasteign hafi talist yfirveðsett skv. virðingu sýslumanns, og þar með hafi stefnandi ekki fengið tryggingu fyrir fjárkröfu sinni í þeirri eign. Fasteigninni að Háaleitisbraut hafi verið afsalað til stefndu, Guðjóns og Hjördísar, með afsali, dags. 25.04.2014, sem sé þremur dögum eftir að sýslumaður hafi sent lögmanni stefnanda og þrotamanna boðun um endurupptöku fjárnámsgerðar.

Eins og áður sé getið hafi lögmaður þrotamanna látið það ógert að svara tölvupósti frá fulltrúa sýslumanns, en hafi hins vegar haft símasamband við embætti sýslumannsins. Af þessum sökum hafi þurft að boða þrotamenn til endurupptöku með venjubundnum hætti, en þeim hafi verið birt boðunin með stefnuvotti þann 29.04.2013. Telji stefnandi ljóst að þrotamönnum og stefndu hafi því verið fullkunnugt að til stæði að endurupptaka gerðina eftir að dómur Hæstaréttar í málinu nr. 174/2014 féll þann 02.04.2014, enda beinlínis kveðið á um það í dómsorði. Stefnandi telur að stefndu, Guðjón og Hjördís, og þrotamenn hafi sammælt um að forða Háaleitisbraut undan fjárnámi en í afsalinu til stefnda Guðjóns og eiginkonu hans komi fram að áðurgreint handhafatryggingarbréf sé í eigu kaupenda.

Þá segir enn fremur að varðandi afsalsgerninginn sem gerður var þann 25.04.2014, sbr. kauptilboð dags. 11.04.2014, þá bendi stefnandi á að umræddir gerningar séu framkvæmdir aðeins rúmri viku eftir að Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms um að endurupptaka aðfarar skyldi fara fram og afsalið undirritað tveimur dögum eftir að fulltrúi sýslumanns boðaði lögmennt aðila til endurupptöku aðfarar. Beri þessi gerningur öll þess merki að vera gjafagerningur og greiðslur sem hafi gengið á milli gerðar til málamynda líkt og þeir gerningar sem liggja fyrir. Byggir stefnandi á því að stefndu hafi fengið fasteignina í hendur án þess að hafa raunverulega greitt kaupverð hennar. Beri gerningar þessir allir það yfirbragð að vera til málamynda, en þrotamenn búi enn í eigninni. Hafði stefndi Guðjón m.a. borið hjá skiptastjóra að hann gæti ekki hugsað sér að eignin yrði seld undan þrotamönnum. Stefnandi telji þannig að kaupsamningsgreiðsla hafi verið gerð til málamynda til að láta líta svo út að um raunverulega sölu væri að ræða, en umrædd sala hafi farið fram í skjóli þeirra aðgerða stefndu, Guðjóns og Hjördísar, að fá þinglýst tryggingarbréfi á eignina, tveimur dögum fyrir fyrstu fjárnámsfyrirtöku. Þá veiki það furðu að stefndu, Guðjón og Hjördís, millifærðu fjármuni til þrotamanna á sama tíma og þau virtust eiga mun hærri kröfur á hendur þeim, sbr. skattframtöl þrotamanna, og sem stefndi Guðjón staðfesti fyrir dómi í fyrra máli.

Byggir stefnandi varakröfu sína á því að krafa stefndu á hendur þrotamönnum hafi fengist greidd með fjármunum sem hafi verið úr sölu á

fasteigninni, og sé sú ráðstöfun sannanlega riftanleg með stoð í 134. gr. gjaldþrotaskiptalaga á þeim grunni að stefndu hafi fengið kröfu sína þannig greidda með óvenjulegum greiðslueyri, þ.e. með íbúðinni að Háaleitisbraut 103, en við mat á greiðslum beri að horfa til þess með hvaða hætti hún fór frá þrotamanni en ekki hvernig hún kom til móttakandans.

Bendir stefnandi einnig á að skv. framtali þrotamanna 2015 hafi, eftir sölu íbúðarinnar, ekki verið framtalin nein skuld við stefnda Guðjón. Leituðust stefndu fyrst við að leiðrétta framtalið eftir að stefna í fyrra málinu hafði verið birt, þar sem m.a. var byggt á þessari málsástæðu. Telji stefnandi það mjög ótrúverðugt að umrædd skuld hafi verið felld út af framtali fyrir mistök, en hún hafi verið framtalin óbreytt um margra ára skeið. Eina rökrétta skýringin sé sú að skuldin hafi fengist greidd og þá af þeim fjármunum sem þrotamenn hafi fengið fyrir íbúðina. Með afsalsgerningnum séu stefndu að fá kröfu sína á hendur þrotamönnum greiddar af andvirði eignar þrotamanna en slíkur greiðslueyrir sé óvenjulegur. Við mat á greiðslueyri beri að horfa til þess hvernig greiðslan sé tilkomin en ekki með hvaða hætti hún greiðist að lokum til kröfuhafans. Með gerningnum hafi krafa stefndu á hendur þrotamanni þannig í raun verið greidd með íbúðinni, sem sé óvenjulegt. Samkvæmt afsalinu skyldi eignin afhent kaupendum 25.04.2014 en þrotamenn búi enn í eigninni og staðfest hafi verið fyrir dóminum að þeir greiði enga leigu vegna afnota sinna þar. Telji stefnandi að allir umræddir gerningar beri það ljóslega með sér að vera gerðir í þeim tilgangi einum að koma eignum undan fjárnámi og þrotabúinu, stefndu til hagsbóta. Styðjist sú skoðun stefnanda einnig við það að þeir fjármunir, sem greiddir hafi verið inn á reikning þrotamannsins Sigurðar, hafi jafnharðan verið teknir út í reiðufé þannig að útilokað sé að rekja þá, en leiða megi af skattframtölum þrotamanna að skuld þeirra við stefnda Guðjón hafi verið greidd með þeim fjármunum sem þrotamenn fengu fyrir íbúð sína. Væntir stefnandi þess að rannsókn lögreglu geti hugsanlega leitt í ljós hvert fjármunirnir hafi runnið, en þeir hafi ekki fundist í þrotabúinu skv. upplýsingum skiptastjóra og þrotamenn ekki getað gefið skýringar á því hvar þeir séu niðurkomnir, en gefið þær skýringar að þau hafi verið mjög skuldsett, m.a. vegna krafna stefndu. Styðji það málalíbúnað stefnanda.

Afsal hafi verið útbúið og greiðslur látnar ganga á milli. Þó megi ráða af skattframtölum þrotamanna að þeir hafi staðið þá í 8.000.000 króna skuld við stefndu. Skuld sem ekki hafi lengur verið talin fram á framtali þrotamanna eftir umræddan kaupsamning um eignina. Byggir stefnandi á því að þrotamenn og stefndu hafi með þessum aðgerðum í raun búið svo um hnútana að stefndu hafi fengið greidda kröfu sína á grundvelli síðar tilkominnar tryggingar, sem sé

sannanlega riftanlegt með stoð í 137. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Hvað sem því líði liggi fyrir að þrotabúið sé eignalaust, en áður en af umræddri fjárnámsgerð hafi orðið sé ljóst að þrotamenn hafi átt skuldlaust hesthús og hóflega skuldsetta íbúð, ásamt bifreið og hrossum.

Þá byggir stefnandi á því að þrotamenn hafi ekki verið gjaldfærir, en ljóst sé að við afsal og veðsetningu allra eigna þrotamanna á sama tíma hafi þeir verið ógjaldfærir í skilningi gjaldþrotaréttar, en sönnunarbyrðin um annað hvílir á stefndu. Þegar horft sé til þeirra ráðstafana sem hafi farið fram samhliða afsali hesthússins, bifreiðarinnar og veðsetningu íbúðar þrotamanna og náninna tengsla þrotamanna við stefndu sé vandséð hvernig sú sönnun takist.

Stefnandi vísar einnig til stuðnings þrautaþrautavarkröfu sinni til 141. gr. laga nr. 21/1991, sem sé hin almenna riftunarregla gjaldþrotalaga, en með ákvæðinu sé heimild til að krefjast riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt séu kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamanns séu ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiði til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaður hefur verið ógjaldfær eða orðið það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafi haft hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamanns svo og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg.

Stefnandi telur að aðstæður þær sem uppi séu í málinu fullnægi í hvívetna þeim skilyrðum sem fram komi í ákvæðinu, þ.e. að ráðstöfunin hafi leitt til þess að eignir þrotamanna hafi ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum og að stefndu, sem höfðu hag af umræddri ráðstöfun, hafi vitað eða mátt vita að þrotamenn hafi þá verið og urðu sannanlega með þessum ráðstöfunum ógjaldfærir, eins og síðar hafi orðið raunin. Umrædd afsöl, ásamt öðrum samhliða gjörningum sem tengdust stefndu og þá sérstaklega Guðjóni, hafi sannanlega leitt til þess að eignir þrotamanna voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum.

Með útgáfu afsalanna hafi svo verið búið um hnútana að eignir hafi ekki verið til reiðu þegar stefnandi freistaði þess að öðlast tryggingu fyrir fjárkröfum sínum. Hafi þessar ráðstafanir því verið stefndu til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa með ótilhlýðilegum hætti. Stefnandi telur því líkur til þess að eina markmið með þessum gerningi hafi verið það að koma eignum undan gjaldþrotaskiptum.

Stefnandi telur jafnframt að gerningarnir hafi verið ótilhlýðilegir. Við mat á því beri m.a. að líta til fyrri háttsemi þegar metin sé sú háttsemi sem talin sé riftanleg. Telji stefnandi að ef þrotamaður ráðstafi eignum til hagsbóta fyrir nákomna, teljist slík ráðstöfun alltaf ótilhlýðileg. Það eigi einnig við ef með

gerningnum hafi eignir þrotamanns ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum skömmu fyrir innheimtuaðgerðir. Ef ekki sé talið að slíkar ráðstafanir rétt fyrir aðför og gjaldþrot séu ótilhlýðilegar sé vandséð hvers konar ráðstöfun geti talist ótilhlýðileg með hliðsjón af 141. gr. gþl.

Einnig séu almennt meiri líkur til þess að ráðstafanir séu ótilhlýðilegar þegar þær beri brátt að án nokkurs aðdraganda. Hafi slíkt á sér blæ málamyndageringa en stefnandi bendi á að þrotamenn hafi áður orðið uppvisir að slíku og Hæstiréttur staðfest það með dómum sínum. Telji stefnandi að verulegar líkur séu fyrir því að það sama eigi við í þessu máli enda virðast þrotamenn, með fulltingi barna sinna, ekki víla fyrir sér að grípa til slíkra ráðstafana.

Þá bendir stefnandi á að engin rök bendi til þess að þrotamenn hafi verið gjaldfærir á þessum tíma vegna aðsteðjandi krafna stefnanda og að minnsta kosti hafi þeir orðið með öllu ógjaldfærir með þeim gerningum sem áður séu raktir, en stefndu beri sönnunarbyrðina fyrir hinu gagnstæða.

Þá telji stefnandi það hafið yfir allan vafa að stefndu hafi verið grandsamir um stöðu þrotamannanna, enda nátengdir þeim. Gat stefndu ekki dulist að þessar ráðstafanir myndu leiða til gjaldþrots líkt og raunin hafi orðið á. Telji stefnandi að stefndu standi nú nær að sanna gjaldfærni þrotamanna þrátt fyrir þessar ráðstafanir, en um fjárkröfur stefnanda hafi þeim verið fullkunnugt.

Um endurgreiðslukröfu byggir stefnandi á 142. gr. laga nr. 21/1991, annars vegar 1. mgr. varðandi riftunarkröfur byggðar á 131. gr., 134. gr. og 137. gr. laganna og hins vegar 3. mgr. varðandi riftunarkröfu þá sem byggist á 141. gr. gjaldþrotalaga.

Varðandi endurgreiðslukröfu vegna afsals íbúðarinnar að Háaleitisbraut sé miðað við það kaupverð sem á sé byggt, sem teljast verði eðlilegt og sé um leið sú fjárhæð sem þrotabúin urðu af og um leið tjón þeirra, þegar tekið hafi verið tillit til áhvílandi láns.

Varðandi endurgreiðslukröfu skv. 141. gr. gjaldþrotalaga sé byggt á 3. mgr. 142. gr. s.l. og fari því krafa um bætur eftir almennum reglum. Endurgreiðslukrafan byggist á meginreglu skaðabótaréttar og sakarreglunni og telji stefnandi að efnisatriði reglunnar séu uppfyllt en orsakatengsl séu á milli tjóns þrotabúanna og afhendingar eignarinnar til stefndu, þar sem þau hafi fengið það án endurgjalds og þrotabúin orðið af eðlilegu endurgjaldi fyrir eignina og því sé tjónið einnig sennileg afleiðing gjafagerningsins eða greiðslu skuldar með óvenjulegum greiðslueyri.

Stefnandi telur að stefndu hafi alls ekki verið í góðri trú þegar þeir fengu íbúðina afhenta og því sé athæfi þeirra bæði ólögmaett og saknæmt. Protabúin hafi þannig orðið fyrir tjóni sem nemi andvirði íbúðarinnar að frádregnum áhvílandi lánum. Þá sé dráttarvaxta krafist af stefnufjárhæðum svo sem greint sé í dómkröfuköflum og byggt á því tímamarki er stefndu fengu afsal fyrir eigninni. Þá er vísað til laga nr. 21/1991, einkum 3. gr., og ákvæða XX. kafla, einkum 131. gr., 134. gr., 137. gr. og 141. gr. um riftun og 142. gr. um endurgreiðslukröfu. Um varnarþing vísast til 42. gr. eml. Krafa um vexti er studd við ákvæði laga nr. 38/2001. Þá er vísað til laga nr. 91/1991, 1. mgr. 19. gr. og XXI. kafla um málskostnað.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda. Stefndu vísa til þess að greiðslan hafi ekki gengið gegn hagsmunum kröfuhafa, en viðskipti aðila hafi engin áhrif haft á hagsmuni kröfuhafa þrotamanna. Byggja stefndu á því að þau hafi greitt eðlilegt markaðsverð fyrir Háaleitisbraut 103, stefndu hafi innt kaupverðið af hendi til fasteignasölu og kaupverðið runnið til þrotamanna. Fullyrðingar stefnanda um að þeir fjármunir hafi aftur runnið til stefndu séu tilhæfulausar og órökstuddar með öllu. Þá vísa stefndu til þess að stefnandi hafi viðhaft sömu fullyrðingar þegar hún krafðist riftunar vegna sölu þrotamanna á hesthúsi þeirra. Þar hafi stefnandi staðhæft að kaupverð hesthússins hafi runnið til baka til viðsemjenda þrotamanna. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti hafi lögmaður stefnanda verið spurður út í það af dómurum réttarins, hvort hann gæti stutt þessar fullyrðingar stefndu með framlagningu gagna. Hafi lögmaður stefnanda upplýst að hann hefði engin slík gögn enda væri þetta einungis grunur. Er málabúnaður stefnanda enn á þessu reistur í þessu máli. Stefndu vísa til þess að þrotamenn hafi á því tímamarki, er þau seldu fasteignina Háaleitisbraut 103, verið gjaldfær. Þau hafi nokkru áður selt hesthús og fengið í sinn hlut nær fimmtán milljónir króna. Þá sé einnig ljóst að krafa stefnanda á hendur þrotamönnum sé langtum lægri en sú fjárhæð sem þau Sigurður og Hildur fengu greitt út úr Háaleitisbraut 103. Því sé ljóst að þrotamenn hafi bæði tvö verið gjaldfær á því tímamarki er Háaleitisbraut 103 var seld. Ber stefnandi sönnun um annað.

Stefndu hafna því að sala á íbúð Sigurðar Guðjónssonar og Hildar Eiríksdóttur að Háaleitisbraut 103, Reykjavík, íbúð 04-0201, til stefndu hafi verið gjafagerningur og því beri að rifta afsali um fasteignina. Kveða stefndu að regla 131. gr. gjaldþrotalaga um gjafahugtakið geymi þrjú meginatriði; að gjöf rýri eignir skuldarans, að gjöf leiði til eignaaukningar hjá móttakanda hennar og að tilgangurinn með gerningnum sé að gefa.

Stefndu byggja á því að mat á því hvort gjöf hafi falið í sér skerðingu á eignum skuldara fari fram á hlutlægum grundvelli. Skilyrði fyrir riftun er gjafagerning varði sé að gjöfin hafi rýrt eignir þrotamanns sem til skipta séu. Stefndu keyptu fasteignina Háaleitisbraut 103 í gegnum fasteignasölu og var kaupverð eignarinnar a.m.k. jafnt markaðsvirði hennar ef ekki hærra. Stefndu inntu af hendi kaupverð Háaleitisbrautar 103 og runnu þeir fjármunir til seljenda. Þá tóku stefndu yfir áhvílandi veðskuld í eigu Íslandsbanka hf. Eignir þrotamanna hafi því ekki rýrnað við þessa ráðstöfun. Því eigi þetta skilyrði ekki við umrætt tilvik.

Þá hafi stefndu ekki auðgast vegna kaupanna. Byggist það jafnframt á hlutlægu mati hvort ráðstöfun skuldara hafi leitt til auðgunar móttakanda. Kaupverð Háaleitisbrautar 103 hafi a.m.k. verið jafnt markaðsvirði hennar ef ekki hærra. Stefndu auðguðust ekki við umrædd viðskipti, þvert á móti greiddu þau fyrir fasteignina eðlilegt markaðsverð. Því eigi þetta skilyrði ekki við umrætt tilvik.

Þá telja stefndu að mat á því hvort um gjafatilgang hafi verið að ræða sé huglægt en tengist því jafnframt hvort hinum tveim hlutlægu skilyrðum sem að framan greini sé fullnægt. Umrædd ráðstöfun hafi verið í samræmi við eðlilega viðskiptahætti með fasteignir. Greitt hafi verið fyrir hið selda í samræmi við venjur á fasteignamarkaði. Sala og ráðstöfun fasteignarinnar eigi því ekkert skylt við hugtakið gjöf. Því eigi þetta skilyrði ekki við umrætt tilvik. Af framangreindu leiði að riftunarskilyrðum 131. gr. laga nr. 21/1991 sé ekki fullnægt og beri því að sýkna stefndu af aðalkröfu stefnanda.

Stefndu hafna því að stefndu hafi fengið greidda kröfu á hendur þrotamönnum með óvenjulegum greiðslueyri með því að söluandvirði Háaleitisbrautar 103 hafi runnið óskipt til stefndu og því beri að rifta greiðslu skuldar. Hafna stefndu því að um greiðslu skuldar hafi verið að ræða. Regla 134. gr. gjaldþrotalaga heimili riftun á greiðslu skuldar sem fram fari með tilteknum hætti. Í þessu samhengi taki orðið skuld bæði til krafna um peningagreiðslu og til krafna um annars konar greiðslu en peninga.

Stefndu hafi keypt fasteignina Háaleitisbraut 103 í gegnum fasteignasölu og hafi kaupverð eignarinnar verið innt af hendi til seljenda og með yfirtöku áhvílandi veðskulda í eigu Íslandsbanka hf. Greiðslan hafi verið venjuleg eftir atvikum. Teljast kaup stefndu ekki varða við 134. gr. gjaldþrotalaga. Sé því ljóst að þetta skilyrði sé ekki til staðar. Í kröfugerð stefnanda sé því haldið fram að söluandvirði fasteignarinnar hafi runnið óskipt til stefndu þann 29. apríl 2014. Er þessu mótmælt sem tilhæfulausu og röngu.

Er stefndu hafi keypt fasteignina hafi ekki farið fram neitt skuldauppgjör við Sigurð og Hildi. Umrædd skuld stefndu við Sigurð og Hildi hafi ekki verið gerð upp. Greiðsla stefndu til seljenda hafi verið eðlileg og teljist kaup stefndu ekki varða við 134. gr. gjaldþrotalaga. Sé því ljóst að þetta skilyrði sé ekki til staðar.

Stefndu mótmæla því að sú fjárhæð sem greidd hafi verið hafi skert greiðslugetu þrotamannsins verulega. Engin greiðsla né uppgjör hafi farið fram milli seljenda íbúðarinnar og stefndu. Teljast kaupin því ekki varða við 134. gr. gjaldþrotalaga. Af framangreindu leiði að riftunarskilyrðum 134. gr. laga nr. 21/1991 sé heldur ekki fullnægt og beri því að sýkna stefndu af varakröfu stefnanda.

Stefnu hafna því að afsal þrotamanna á fasteigninni hafi verið ráðstöfun sem með ótilhlýðilegum hætti hafi verið til hagsbóta fyrir stefndu og því beri að rifta afsali um fasteignina. Stefndu hafi greitt kaupverð fasteignarinnar og hafi það runnið til þrotamanna. Þá hafi stefndu tekið yfir áhvílandi veðskuld á fasteigninni. Eðlilegt markaðsverð hafi verið greitt fyrir eignina. Var greiðslan því ekki stefndu til hagsbóta. Stefndu hafi greitt eðlilegt markaðsverð fyrir eignina og hafi það verið bókað í fundargerðarbók skiptastjóra. Teljast kaup stefndu því ekki varða við ákvæði 141. gr. gjaldþrotalaga.

Stefndu byggja á því að þau hafi greitt fullt endurgjald fyrir fasteignina. Eftir viðskipti stefndu við þrotamenn hafi eignir þrotamanna áfram verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Þá liggi fyrir vitneskja stefndu um að þrotamenn hafi áður selt hestús í sinni eigu og fengið í sínar hendur nær fimmtán milljónir króna. Viðskiptin hafi ekki leitt til þess að eignir þrotamanna hafi ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Þvert á móti verði að líta svo á að andlag fjármuna í hendi hafi sama virði ef ekki meira en fasteignar. Teljast kaup stefndu því ekki varða við ákvæði 141. gr. gjaldþrotalaga.

Stefndu vísa til þess að við kaup þeirra á Háaleitisbraut 103 af þrotamönnum hafi sú ráðstöfun leitt til þess að þrotamenn hafi losnað undan áhvílandi veðskuldum gagnvart Íslandsbanka hf. Greiðslan hafi því ekki verið til skuldaaukningar þrotamanna, þvert á móti þá hafi hún leitt til skuldalækkunar þrotamanna. Teljast kaup stefndu því ekki varða við ákvæði 141. gr. gjaldþrotalaga.

Stefndu byggja á því að skuldarar hafi ekki orðið ógjaldfærir vegna ráðstöfunarinnar. Kaupverð eignarinnar hafi verið jafnhátt markaðsvirði hennar ef ekki hærra. Kaupverðið hafi verið greitt með peningum og innt af hendi til seljanda. Þau hafi yfirtekið áhvílandi skuldir auk þess sem þrotamenn höfðu

stuttu áður selt skuldlaust hesthús á fimmtán milljónir. Viðsemjendur stefndu hafi því hvorki orðið ógjaldfærir við né eftir umrædd viðskipti aðila. Teljast kaup stefndu því ekki varða við ákvæði 141. gr. gjaldþrotalaga. Þá mótmæla stefndu því að þau hafi verið grandsöm um ógjaldfærni skuldara og að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg. Engar upplýsingar hafi legið fyrir um ógjaldfærni þrotamanna. Þvert á móti hafi þau átt skuldlausan eignarhlut í fasteigninni á Háaleitisbraut að fjárhæð um sex milljónir króna. Þá liggja fyrir vitneskja stefndu um að þrotamenn höfðu áður selt hesthús í sinni eigu og fengið í sínar hendur á annan tug milljóna króna. Fari því fjarri að stefndu hafi getað haft nokkra hugmynd um meinta ógjaldfærni þrotamanna. Stefndu hafi því ekki verið grandsöm um ógjaldfærni Sigurðar og Hildar eins og haldið sé fram af stefnanda. Teljast kaup stefndu því ekki varða við ákvæði 141. gr. gjaldþrotalaga.

Ágreiningslaust sé að stefndu inntu af hendi kaupverð fasteignarinnar Háaleitisbrautar 103 og hafi þeir fjármunir runnið til þrotamanna. Því sé hafnað að þessi ráðstöfun stefndu sé ótilhlýðileg á þann hátt að hún sé stefndu til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa eða hafi leitt til þess að eignir þrotamanna yrðu ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum né hafi hún leitt til skuldaaukningar þrotamanna og þá um leið öðrum kröfuhöfum til tjóns. Þá sé því hafnað að þrotamenn hafi verið ógjaldfærir þegar ráðstöfunin fór fram. Vísa stefndu til þess að riftunarskilyrðum 141. gr. laga nr. 21/1991 sé ekki fullnægt og beri því að sýkna stefndu af þrautavarakröfu stefnanda.

Með vísan til umfjöllunar um 131., 134., 137. og 141. gr. gjaldþrotaskiptalaga sé ljóst að sýkna beri stefndu af kröfum stefnanda um að þola riftun vegna kaupa á fasteigninni Háaleitisbraut 103. Jafnframt er gerð sú krafa að stefndu verði sýknuð af endurgreiðslukröfu stefnanda.

Í öllum tilvikum hafi stefnandi uppi kröfu um að stefndu verði óskipt krafín um greiðslu að fjárhæð 2.913.202 krónur til hvors þrotabús um sig, með dráttarvöxtum frá 25. apríl 2014 til greiðsludags. Stefndu vísa til þess að jafnvel þótt fallist verði á riftun greiðslunnar á grundvelli 131., 134. eða 137. gr. gjaldþrotalaga vísi stefndu til þess að ekki sé til að dreifa neinni auðgun vegna greiðslunnar. Í 1. mgr. 142. gr. gjaldþrotalaga felist meginreglan um endurgreiðslu auðgunar. Þar sé kveðið á um að viðsemjanda, sem gert er að sæta riftun á greiðslu, beri að greiða þrotabúi fjárhæð í peningum sem svarar til þess er greiðslan kom honum að notum. Þá sé meginreglan við mat á auðgun talin sú að niðurstaða riftunar gerði viðsemjanda eins settan og hin riftanlega ráðstöfun hefði aldrei farið fram. Því er ekki um auðgun að tefla nema ávinningur riftanlegrar greiðslu komi viðsemjanda að notum.

Stefndu vísa til þess að ágreiningslaust sé að þau hafi greitt eðlilegt markaðsverð fyrir fasteignina Háaleitisbraut 103. Þá hafi stefndu innt af hendi kaupverð Háaleitisbrautar 103 og ágreiningslaust er að þeir fjármunir hafi runnið til þrotamanna. Stefndu hafi því ekki auðgast af umræddri greiðslu. Stefndu vísa til þess að þau hafi ekki haft neinn ávinning af greiðslunni og því sé ekki til að dreifa neinni auðgun.

Stefndu vísa til þess að í 3. ml. 1. mgr. og 3. mgr. 142. gr. gjaldþrotalaga sé mælt fyrir um greiðslu bóta þegar viðsemjandi er grandsamur um ráðstöfunina. Ákvæði greinarinnar mæli fyrir um að krefja megi grandsaman viðsemjanda um bætur hvort sem riftun fer fram á grundvelli hlutlægra eða huglægra riftunarreglna. Ef sá sem hafi haft hag af riftanlegri ráðstöfun sé grandsamur um riftanleika hennar skuli hann greiða þrotabúi bætur sem svari til þess tjóns sem búið varð fyrir, enda viðsemjandi þá um leið ekki grandlaus um lögmæti ráðstöfunar. Í þessu felist að sá sem hag hefur af riftanlegri ráðstöfun skuli greiða þrotabúi skaðabætur, þrátt fyrir að riftun fari fram á grundvelli hlutlægra riftunarreglna.

Stefndu vísa jafnframt til þess að af ákvæði greinarinnar sé leidd sú meginregla að niðurstaða riftunar eigi að leiða til þess að þrotabú verði eins sett og hin riftanlega ráðstöfun hafi ekki farið fram. Við mat á fjárkröfu samfara riftun sé því horft til hagsmuna þrotabús en vikið til hliðar hagsmunum viðsemjanda, þ.e. sjónarmiðum sem viðsemjandi geti haft uppi við auðgun og í þess stað horft til tjóns þrotabúsins af riftanlegri ráðstöfun. Af þessu leiði að fjárkrafa þrotabús á hendur grandsömum viðsemjanda sé byggð á almennum reglum um greiðslu skaðabóta.

Stefndu vísa til þess að ágreiningslaust sé að þau hafi greitt eðlilegt markaðsverð fyrir fasteignina Háaleitisbraut 103. Þá hafi þau innt af hendi kaupverð Háaleitisbrautar 103 og ágreiningslaust er að þeir fjármunir runnu til þrotamanna. Þrotabúin hafi því ekki orðið fyrir tjóni af umræddri greiðslu. Þvert á móti hafi þrotabúin móttekið allt kaupverð vegna fasteignarinnar Háaleitisbraut 103. Stefndu vísa til þess að þau hafi hvorki haft hag af greiðslunni né hafi þrotabúin orðið fyrir tjóni. Því beri að sýkna stefndu af endurgreiðslukröfu stefnanda.

Stefndu gera þá kröfu að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndu vísa til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum d- og e-liðar 1. mgr. 80. gr. Varðandi málskostnað vísa stefndu til 130. gr. og 131. gr. sömu laga og laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Þá vísa stefndu til meginreglna samninga- og kröfuréttarins og tilvitnaðra greina í lögum nr.

21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Skýrslur fyrir dómi.

Aðilar gáfu skýrslu fyrir dóminum ásamt Dan Wium fasteignasala.

Kvað vitnið Dan ekkert athugavert hafa séð við söluna á Háaleitisbraut 103 og kvað einnig að frá afsali hefði ekki verið gengið nema að kaupandi hafi staðist greiðslumat bankans. Svo hafi legið fyrir þegar afsal var undirritað. Stefndi Guðjón Sigurðsson hafnaði því að hafa haft nokkra vitneskju um það hvað faðir hans hafi gert við söluandvirði Háaleitisbrautar annað en að greiða upp skuldir. Neitaði hann því að hafa fengið þær greiðslur aftur til sín. Vitnið Sigurður Guðjónsson, fæddur í mars 1930, kvaðst lítið muna og ekki hvað varð um greiðslur fyrir hestúsið eða Háaleitisbrautina. Verður ekki byggt á framburði hans fyrir dóminum.

Forsendur og niðurstöður.

Í máli þessu liggur fyrir og er ágreiningslaust að Hildur Eiríksdóttir og Sigurður Guðjónsson voru dæmd, með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 308/2012, til að greiða stefnanda þessa máls samtals 1.250.000 krónur í málskostnað.

Eins og mál þetta er lagt fyrir dóminn er margt sem styður málsástæður stefnanda og líkindi með því að markvisst hafi eignum verið komið undan aðför stefnanda og um málamyndagjörning hafi verið að ræða sem sé ríftanlegur samkvæmt ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga. Stefnandi ber þó sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrði gjaldþrotalaga séu uppfyllt svo að rifta megi gjörningum í ljósi þeirra.

Óumdeilt er að stefndu keyptu íbúð af foreldrum sínum að Háaleitisbraut 103 í Reykjavík á svipuðum tíma og stefnandi reyndi að gera fjárnám fyrir dæmdum kröfum sínum á hendur seljendum eignarinnar, foreldrum sínum. Fjárnámstilraunir stefnanda stóðu frá 8. janúar 2013 til 6. maí 2014 en ágreiningi um gildi framkvæmdar fulltrúa sýslumanns var skotið til héraðsdóms sem síðan var staðfestur af Hæstarétti. Tafði allt þetta ferli aðfarargerðina í rúmt ár.

Eins og gögn málsins bera með sér verður ekkert fundið að framkvæmd fasteignasölunnar sem sá um gerð kauptilboðs í fasteignina, móttöku útborgunar og skjalagerð. Breytir engu þar um hvort greiðslumat hafi verið komið skjállega til fasteignasölunnar eða eingöngu vitneskja um að kaupandi hafi staðist greiðslumat hjá bankanum. Ef misbrestur hefði orðið á, var það á ábyrgð fasteignasölunnar en ekki seljenda eignarinnar né kaupanda. Ekki hefur verið sýnt fram á að söluverð eignarinnar hafi verið lægra en markaðsvirði. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að kaupendur hafi ekki greitt söluverðið að fullu

en skuldaraskipti fóru formlega fram þann 6. maí 2014 á yfirtekinni áhvílandi veðskuld við Íslandsbanka en skuldabréfið var áritað um skuldaraskipti þann 28. apríl 2014. Má ljóst vera að bankinn hefði ekki áritað frumrit skuldabréfsins um skuldaraskipti ef kaupendur hefðu ekki verið búnir að standast greiðslumat bankans.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að stefndu hafi fengið kaupsamningsfjárhæðina greidda til baka frá seljendum íbúðarinnar. Byggir hún aðallega á því að skuld stefndu við Sigurð og Hildi hafi verið felld út af skattframtali þeirra á tekjuárinu 2014 að fjárhæð 8.000.000 króna. Hafi því verið um ótilhlýðilega greiðslu að ræða af hálfu seljenda íbúðarinnar og stefndu hafi auðgast af.

Stefnandi hefur ekkert annað fyrir sér til sönnunar um að stefndu hafi fengið umþrætta greiðslu til sín aftur en grun á samt því að þegar litið sé á málið heildstætt sé það augljóst að þeir gjörningar, sem Sigurður og Hildur hafi framkvæmt á árunum 2013 og 2014, hafi verið gerðir í þeim tilgangi að koma eignum undan kröfuhöfum sínum.

Ekki hefur verið sýnt fram á, þrátt fyrir að skuld stefnda Guðjóns við foreldra sína hafi ekki verið talin fram á skattframtali þeirra fyrir tekjuárið 2014, að kaupsamningsgreiðsla, sem stefndu greiddu þann 25. apríl 2014, hafi ratað aftur til stefndu. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á að seljendur fasteignarinnar hafi verið ógjaldfærir þegar að þeir seldu fasteignina stefndu.

Samkvæmt meginreglum einkamálaréttarfars, sbr. ákvæði VI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, hvílir sönnunarbyrði fyrir því að stefndu hafi fengið greiðslu frá seljendum fasteignarinnar í kjölfar sölu hennar til stefndu alfarið á stefnanda. Hefur stefnandi ekki sýnt fram á að sala fasteignarinnar að Háaleitisbraut 103 í Reykjavík til stefndu hafi verið gjafagerningur í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991, að afhending eignarinnar gegn greiðslu hafi verið óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi 134 gr. sömu laga né að salan hafi verið til hagsbóta fyrir stefndu á kostnað annarra, að salan hafi leitt til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns og að þrotamenn hafi orðið ógjaldfærir við sölna í skilningi 141. gr. sömu laga. Telur dómurinn að þar sem fullyrðing stefnanda, um að sú greiðsla sem hún telur að hafi farið til stefndu í formi íbúðarinnar eða með greiðslu peninga, er ósönnuð sé ekki efni til að fjalla frekar um málsástæður aðila.

Að þessu virtu verða stefndu sýknuð af öllum kröfum stefnanda.

Eins og mál þetta liggur fyrir telur dómurinn, þrátt fyrir ákvæði 130. gr. laga nr. 91/1991, rétt að málskostnaður falli niður.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 við uppkvaðningu dómsins.

Dómsorð.

Stefndu, Guðjón Sigurðsson og Hjördís Vilhjálmsdóttir, eru sýkn í máli þessu.
Málskostnaður fellur niður.

Ástríður Grímsdóttir.